

**Nd.**

**125. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klotnað. Leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en meiri hl. mun ráða til, að frv. verði felt. Frv. þetta hefir verið þrisvar sinnum áður fyrir háttv. deild. Árið sem leið fjell frv. fyrir óhapp, vegna þess að vitanlegir stuðningsmenn þess voru fjarverandi.

Nálega allir munu viðurkenna, að laun yfirsetukvenna sjeu of lág, en sú aðalástæða hefir verið færð gegn frv., að ekki mætti taka þetta mál sjerstaklega til meðferðar fyr en öll launalögin væru endurskoðuð. En bæði er nú það, að jafnvel á síðasta þingi var ein stjett manna, prestarnir, tekin út úr og laun hennar bætt nokkuð og þessi regla rofin, enda á það að líta, að hjer er sjerstök ástæða til að bæta þegar í stað launakjör yfirsetukvenna, sem ekki gildir um neinn af hinum öðrum launaflokkum, nefnilega sú, að yfirsetukonuvöntun er hin mesta í landinu. Þannig er talið, að lærðar yfirsetukonur vanti í eitthvað um 30 yfirsetukonuumdæmi. Enginn vafi er á því, að hin ósæmilega lágu launakjör eru þessa valdandi. En þar sem yfirsetukonur vantar sjerstaklega í hin afskektari hjeruð, þar sem oft er mjög örðugt að ná í lækni vegna simaleysis og örðugra samgangna, þá virðist óverjandi, að ekki sje bætt úr þessu þegar í stað.

Í ljelegustu yfirsetukonuhjeruðunum eru launin 200 krónur, að viðbættri dýrtíðaruppbót, sem þó er ekki lögákveðin. Sjá allir, þegar á það er litið, að kostnaður við nám yfirsetukvenna er aldrei minni en 600—800 kr., að hjer er um óhæfilega lág laun að ræða. Samkvæmt þessu frv. eru lágu launin hækkuð hlutfallslega meira en háu launin, eins og sjálfsagt er. Laun þeirra lægst launuðu geta hækkað úr 200 kr. upp í 500 kr., og er það 150% hækkun, en hæstu launin geta hækkað frá 1000 kr. upp í 1500 kr., eða um 50%. Það virðist óverjandi að draga lengur að bæta kjör þessarar þörfu stjettar í þjóðfjelaginu. Það eru ekki aðeins yfirsetukonurnar, sem eiga kröfu á því, að kjör þeirra verði bætt — hitt vegur ennþá meira, að af heilbrigðisástæðum og af mannúðarástæðum verður ekki hjá því komist, að yfirsetukonurnar fái svo góð laun, að takast megi að fá yfirsetukonur í hin afskektari hjeruð. Með tilvisun til þess, sem að framan greinir, leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1929.

Sig. Eggerz,  
frsm.

Hjeðinn Valdimarsson.

Ásg. Ásgeirsson.